

13. gr.

Endurgreiðsla og viðurlög.

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar vaxtabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Kemur hún til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 1995 vegna vaxtagjalda á árinu 1994.

Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1995.

Friðrik Sophusson.

Ragnheiður Snorradóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætu. hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 47,30.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1 mæli) er greitt fast mánaðargjald, sem fer eftir stærð sem hér segir:

a) fyrir mæli allt að 3/4”	kr.	473,00
b) fyrir mæli 1” - 2”	kr.	988,00
c) fyrir mæli 3” og stærri	kr.	2.005,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðamót ef um hemil er að ræða. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.264,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslu-
stöðum, sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil, ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 10 daga frá útsendingar-
degi reiknings.

7. gr.

Stofngjald hitveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss:

(utanmál)	m ³	Stofngjald					
Allt að	400	38.200,00					
400 - 2.000		38.200,00	fyrir	400 m ³	+	31,00 kr/ m ³	þar yfir
2.000 - 6.000		87.800,00	“	2.000 m ³	+	26,50	“ “
6.000 - 10.000		193.800,00	“	6.000 m ³	+	24,00	“ “
Meira en	10.000	289.800,00	“	10.000 m ³	+	20,50	“ “

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal greiða kr. 4.650,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar.

Hitaveitan skal, skv. 3. gr. laga nr. 64/1943, auglýsa gildandi verð skv. gjaldskrá þessari á hverjum tíma, í Lögbirtingablaði.

9. gr.

Nú er tengingu húss lokið og er þá stofngjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með minnst 3ja daga fyrirvara.

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notanda. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið. Innheimtugjald er kr. 995,00.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða kostnað við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt fyrri málsgrein. Lokunargjald er kr. 1.494,00.

Sé nauðsynlegt að loka aðrennsli vatnsins utanhúss, skal sá er vanskilum veldur greiða allan kostnað við þá framkvæmd.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með skv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 152, 20. mars 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 232, 3. maí 1995 um útfararþjónustu.**

1. gr.

6. gr. reglugerðar nr. 232, 3. maí 1995 um útfararþjónustu falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 21. gr. laga nr. 36, 4. maí 1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.